

Flateyri, 4. september 2020.

Efni: Hóll á Hvilftarströnd. Beiðni um endurskoðun ákvörðunar skipulags- og mannvirkjanefndar á afgreiðslu erindis undirritaðra með vísan til jafnræðisreglu stjórnsýsluaga.

Með bréfi dags., 5. maí 2020 lögðu undirrituð fram beiðni til skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar, um heimild til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis og rafstöðvarhúss á jörðinni Hóli á Hvilftarströnd í Öfundarfirði, sem er í eigu undirritaðra. Þá fylgdu umsókninni öll tilskilin gögn.

Í svari nefndarinnar sem barst undirrituðum með tölvupósti þann 15. júní sl. segir að vegna umfangs og eðlis framkvæmdar telji nefndin að fara þurfi í deiliskipulagsvinnu á jörðinni Hóli. Þá leggur nefndin til við bæjarstjórn að hún heimili framkvæmdaraðila að fara í deiliskipulagsvinnu komi umsókn frá framkvæmdaraðila til bæjarstjórnar.

Í sjálfu sér þykir umsækjendum ekki óeðlilegt að gert sé deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda eins og á Hóli, en telur þá að slíkt eigi að gilda um allar jarðir, þar sem sambærileg byggingaráform eða framkvæmdir eiga sér stað. Umfang byggingarinnar má teljast nokkuð, en þó ekki umfram það sem tíðkast til sveita, þ.e. íbúðarhús, bílskúr ásamt vinnuáðstöðu þar sem íbúar munu geta sinnt viðfangsefnum sínum og áhugamálum. Þar sem byggingarreitur jarðarinnar er afar takmarkaður sökum fornminjaleifa annars vegar og snjóflóðahættu hins vegar, þótti eigendum mun hagfelldara að hafa fyrrgreinda aðstöðu undir einu þaki frekar en reyna að koma þremur til fjórum byggingum fyrir á þröngum byggingarreit, þ.e. íbúðarhúsi, bílskúr, geymslu og vinnustofu.

Þar sem öll grunn vinna hefur átt sér stað og öll nauðsynleg gögn liggja fyrir vegna framkvæmdarinnar, kom afgreiðsla nefndarinnar umsækjendum verulega á óvart með vísan til afgreiðslu nefndarinnar á sambærilegum umsóknum, en vænta mátti afgreiðslu erindisins á grundvelli jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1993. Þar segir; „Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti“. Ákvæði 11. gr. byggir á einni af hinum óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins, sem nefnd hefur verið jafnræðisreglan, en í henni felst að mál sem eru sambærileg í lagalegu tilliti skuli njóta sams konar úrlausnar, ella skal mismunur á úrlausn byggjast á frambærilegum og lögmætum sjónarmiðum.

Umsækjendum þykir rök nefndarinnar um að „eðli og umfang“ framkvæmdarinnar ekki vera í ósamræmi við „eðli og umfang“ annarra framkvæmda sem heimilaðar hafa verið á grundvelli grenndarkynningar í sveitarfélaginu, en ekki þurft að fara í deiliskipulag.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið óska umsækjendur vinsamlega eftir því að nefndin endurskoði fyrr ákvörðun sína um afgreiðslu á erindi umsækjenda og heimili framkvæmdir að undangenginni grenndarkynningu, en í umsókn og fylgigögnum endurspeglast ítarlega eðli og umfang framkvæmdanna og ekki verður séð að deiliskipulag muni varpa neinu nýju ljósi á fyrirhugaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

Birkir Þór Guðmundsson og Kristín B. Albertsdóttir